

Beiðni hafnarstjórnar um viðauka við fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarhafnar 2026

Viðaukar í rekstrarliðum

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir árið 2026 var samþykkt að hafnarsjóður myndi taka á sig allan grunnkostnað vegna dagskrár og viðburða á Sjómannadaginn ár hvert. Fram til þessa hefur hafnarsjóður borið kostnað af ákveðnum dagskrárlíðum, en aðrir kostnaðarliðir verið greiddir úr bæjarsjóði.

Í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarhafnar sem var afgreidd af hafnarstjórn nokkru fyrir þessa samþykkt bæjarsjórnar var ekki gert ráð fyrir þessum viðbótarkostnaði. Undir liðnum 81100-4915 *kynningarstarfsemi*, voru útgjöld ráðgerð 1.5 milljón. Við uppgjör á kostnaði vegna hátíðarhalds sjómannadagsins á liðnu sumri, liggur fyrir að heildarkostnaður sem fellur á hafnasjóð er um 5,5 milljónir kr.

Því er óskað eftir viðauka á þennan lið fyrir þessu mismun, samtals 4 milljónir

81100 – 4915 kynningarstarfsemi kr. 4 milljónir. Úr 1,5 milljón í 5.5 milljónir.

Hafnastjórn samþykkti á fundi sínum þann 17. ágúst sl. að veita Bjögunarsveit Hafnarfjarðar styrk frá hafnarsjóði að upphæð 10 milljónir kr. til að ljúka smíði nýs björgunarskips sveitarinnar. Ekki hafði verið gert ráð fyrir þessari styrkfjárhæð í fjárhagsáætlun en undir liðnum 81100-9137 *ýmsir aðrar styrkir* þar sem styrkurinn er bókfærður, var ekki gert ráð fyrir neinum útgjöldum.

Því er óskað eftir viðauka á þennan lið fyrir þessum mismun, samtals 10 milljónir.

81100-9137 ýmsir aðrir styrkir kr. 10 milljónir

Vegna aukinna umsvifa það sem af er ári, fleiri farmskipa og meiri landana fiskiskipa, hafa launaliðir hækkað umfram áætlun. Einnig hafa langtímaveikindi starfsmanna kallað á viðbótarstarfskraft á mesta álagstíma á vetrarvertíð og í sumar. Því er lagt til að áætlun heildarlauna í lið 81200- Hafnarfjarðarhöfn og lið 81500 Rekstur dráttarbáta verði hækkuð um samtals 25 milljónir sem skiptist þannig:

81200- laun og launatengd gjöld um 15 milljónir. Úr 234.255 þús í 249.255 þús.

81500-laun og launatengd gjöld um 10 milljónir. Úr 84.380 þús í 94.380 þús.

Viðaukar í tekjufærslum

Tekjur hafnarinnar hafa á fyrstu 8 mánuðum ársins verið nokkuð yfir áætlun. Mestu munar um hærri tekjur af aflagjöldum, vegna bæði mikillar löndunar og góðs aflaverðs. Einnig hafa farmflutningar verið meiri en áætlað var og vörugjöld því aukist nokkuð frá áður gerðri áætlun.

Gerð er tillaga um að í viðauka við fjárhagsáætlun hafnarinnar fyrir árið 2026 verði bætt við tekjuáætlun samtals 39 milljónum sem skiptist þannig:

81010 -0610 aflagjöld kr. 30 milljónir. Úr 165 millj. í 195 millj.

81010-0615 vörugjöld kr. 9 milljónir. Úr 330 millj. í 339 millj.

23. september 2026

Virðingarfyllst



Lúðvík Geirsson, hafnarstjóri